

# Mikilvægar upplýsingar um Medtronic MiniMed insúlíndælumeðferð.

- **Ekkert langvirkt insúlín samhliða insúlíndælu**
  - Mjög mikilvægt er að gefa sér ekki langvirkt insúlín samdægurs og setja á upp insúlíndæluna. Það má gefa sér langvirkt kvöldið áður en ekki um morguninn.
- **Muna að koma með forðahylki og slöngusettt í uppsetninguna.**
  - Koma með fylgihlutina frá InterMedica en ekki sýningareintök sem fylgja dælunni í kassanum.
- **Setja alltaf nýtt batterí í insúlíndæluna.**
  - Dælan samþykkir ekki notuð batterí, ekki er hægt að nota ódýrari tegundir eins og t.d. IKEA batterí.
- **Mikilvægt er að eiga insúlínpenna (langvirkt og skammvirkt).**
  - Ef insúlínið er að verða búið þá er hægt að biðja lækni um að skrifa lyfseðil fyrir því á sama tíma og dælan er sett upp.
- **Mælt er með því að eiga ketónstrimla.**
  - Ef líkaminn fær ekki insúlín úr dælunni þá er blóðsykurinn fyrir að hækka en á pennameðferð. Því er mikilvægt að mæla ketóna í þvagi ef blóðsykurinn fer yfir ca. 14 mmól (þessi tala getur verið einstaklingsbundin).
- **Hafa dæluna á “Beep Medium” fyrst um sinn.**
  - Þannig að það heyrir greinilega í dælunni. Þegar dæluhafi er orðinn öruggur má stilla á hljóðminni viðvörðunahljóð.
- **Nota Basal Review**
  - Þegar grunninum (basal) er breytt þá er nauðsynlegt að fara inn í Basal Review og skoða hverju hefur verið breytt.
  -
- **Ekki setja dæluna á Suspend nema til að stöðva bolus.**
  - Ef dælan er sett á Suspend t.d. þegar farið er í sund eða á æfingar þá er mikil hættu á því að fólk tengi sig en gleymi að kveikja á dælunni aftur.
- **No Delivery**
  - Þetta þýðir að einhver fyrirstaða er svo insúlínið kemst ekki sína leið. Losið dæluna frá líkamanum, skoðið öll samskeyti og athugið hvort insúlínlykt sé af plástrinum. Ef ekkert athugunarvert sést þá er dælan endurræst. Ef “No Delivery” kemur aftur, þá skal skipta um forðahylki, slöngusettt og stinga aftur á nýjan stað.
- **Ef blóðsykur hækkar þó nægt insúlín hafi verið gefið**
  - Ef búið er að gefa sér insúlín vegna of hás blóðsykurs en sykurinn er ekki byrjaður að lækka neitt eftir einn klukkutíma þá skal gefa sér aftur insúlín **með penna, athuga ketóna og drekka vökva án kolvetna**. Síðan er hægt að fara að snúa sér að því að skipta um forðahylki, slöngusettt og stinga aftur á nýjum stað.

- **Hafa gamla plásturinn (stungusettið) áfram**
  - Þegar sett er upp nýtt stunguset á þriggja daga fresti skal hafa gamla plásturinn áfram í lágmark 2 tíma eftir að nýja stungusettið er tengt. Ef blóðsykurinn hækkar eftir skiptin og grunur er á að stungan hafa mistekist er auðvelt að skipta yfir á gamla staðinn því öruggt er að hann virkar.
- **Dæla má ekki vera af-tengd lengur en einn klukkutíma**
  - Ef dælan er tekin af þegar t.d. er farið í sund eða á æfingu er MJÖG mikilvægt að gleyma ekki að tengja hana aftur við líkaman innan við klukkutíma síðar. Ef fólk er í hreyfingu þegar dælan er ekki tengd gæti einn og hálfur tími verið í lagi en eftir það fer blóðsykurinn að hækka.
- **Ávallt skal fara vel með dæluna**
  - Mikilvægt er að fara vel með dæluna og það getur verið dýrt ef farið er illa með dæluna.
- **Varast skal að hafa dæluna í miklum hita eða kulda**
  - Bæði insúlíndælan og insúlínið eru viðkvæm fyrir hita og kulda. Ekki skal geyma insúlín í hanskahólfi þegar ferðast er í sólarlöndum og einnig er varasamt að geyma það í bakpoka á ströndinni þar sem sólin skín beint á pokann. Ef farið er í flugvél skal athuga að frost getur verið í farangursgeymslum í flugvélum á flugi svo insúlínið getur skemmst. Einnig geta kælar á hótelum verið varasamir. Best er að pakka insúlíninu vel inn og geyma það neðst í kælinum eða sem lengst frá frystihólfinu. Hægt er að fá sérhannaðar kælitöskur fyrir dælnar hjá InterMedica.
- 
- **Ferðalög**
  - Þegar farið er út úr bænum eða erlendis skal alltaf vera viðbúinn því að dælan getur bilað eða skemmst. Því er nauðsynlegt að hafa tvöfaldar birgðir af insúlíni og aukahlutum. Þetta á einnig við um insúlínþenna (fljótvirkt og skammvirkt) sem mikilvægt er að hafa meðferðis. Gott er að geyma insúlínið og aukahlutina í tveimur töskum því ef önnur glatast er hægt að nota það sem er í hinni.
- **Öryggishlið á flugvöllum**
  - Insúlíndælan er lífsnauðsynleg fyrir sykursjúka og því skal ekki láta öryggisverði eða neina aðra taka hana afsíðis á flugvöllum og standa föst á því að láta hana ekki frá sér. Setja skal dæluna í bakkann fyrir gegnumlýsingu rétt eins og aðra hluti. Ef fólk er með Sensor skal aftengja hann frá Minilinknum því hann truflar tækin í öryggishliðinu. Yfirleitt eru ekki gerðar athugasemdir við dæluna og hún á ekki að valda vandræðum við öryggishlið.
- **Insúlíndælan er aðeins tæki og getur bilað**
  - Muna alltaf að dælan er aðeins tæki og getur bilað hvenær sem er. Því þarf maður alltaf að vera undirbúinn undir það. Hafa ávallt insúlínþenna með hraðvirku insúlíni meðferðis og ef farið er í ferðalag sem dvalið er yfir nótt skal hafa langvirkt insúlín einnig meðferðis. Muna að hafa auka batterí, forðahylki og slönguset.
- **Dælan stjórnar sér ekki sjálf**
  - Dæluhafinn er kominn með frábært tæki til að ná betri stjórn á blóðsykrinum og með áhuga og metnaði er hægt að auka lífsgæði og betri líðan til muna. Hafa skal í huga að jákvæðni er stór kostur sem getur gert gæfumuninn.